

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um  
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*  
**Starfsleyfisskilyrði fyrir húðgötun í eyrnasnepla**

### **1. Almenn ákvæði og gildissvið**

- 1.1 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar til starfseminnar.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn
- 1.4 Sá sem stundar húðgötun skal hafa undirritað skuldbindingu hjá Landlæknisembættinu um að fara í einu og öllu að leiðbeiningum heilbrigðiseftirlits varðandi reksturinn.
- 1.5 Leiðbeiningar til viðskiptavina varðandi meðhöndlun gataða húðsvæðisins skulu vera bæði munnlegar og skriflegar.
- 1.6 Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar þjónustu.
- 1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi. Ábyrgðin er gagnvart viðskiptavinum, eigin heilbrigði og heilbrigðisyfirvöldum.

### **2. Húsnæði og búnaður**

- 2.1 Sérstakt rými skal vera fyrir húðgötunina.
- 2.2 Húsakynni skulu vera hæfilega hituð, a.m.k. 18°C og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Í rýminu eða í tengslum við það skal vera handlaug ásamt einnota handþurrkum, fljótandi handsápu og gerileyði. Einnig aðstaða til að þrifa áhöld.

### **3. Samþykki viðskiptavinar**

- 3.1 Sá sem stundar húðgötun skal afhenda viðskiptavini upplýsingablað frá Landlæknisembættinu. Viðskiptavinurinn skal kynna sér efni þess og samþykkja með undirskrift sinni.
- 3.2 Ef einstaklingur er undir 18 ára aldri skal skriflegt leyfi forráðamanns fylgja með.
- 3.3 Samþykki viðskiptavinar skal geyma ásamt samþykki forráðamanna þar sem við á.

### **4. Val á skartgripum og hreinsun áhald**

- 4.1 Skartgripir sem settir eru í eyrnasnepla eiga að vera dauðhreinsaðir fyrir ísetningu og mega ekki innihalda ofnæmisvaka s.s. nikkell og efnasambönd þess.
- 4.2 Öll áhöld sem notuð eru á viðskiptavini skulu vera hrein. Fara skal eftir leiðbeinandi reglum Landlæknisembættis um sótthreinsun og þrif á áhöldum.

### **5. Umhverfismál**

- 5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 5.2 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 5.3 Nálum, öðrum oddhvössum úrgangi og sóttmenguðum úrgangi skal safnað í viðurkennd ílát fyrir spilliefni eða ílát fyrir sóttmengaðan og úrgang og komið til móttökustöðva.

- 5.4 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstri hirslu. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.
- 5.5 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 5.6 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

**Starfsleyfisskilyrði þessi eiga m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 464/2001 um takmörkun á nikkeli í tilteknum vörum, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, byggingarreglugerð nr. 441/1998.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT):** 85.14.95 Húðgötun